

Ein elsta hemlaveita á landinu.

Veitur sem byrjuðu með hemla, t.d. Hitaveita Akureyrar, Hitaveita Akranes og Borgarfjarðar, Hitaveita Þorlákshafnar og Hitaveita Rangæinga hafa allar skipt yfir í rennslismæla fyrir þó nokkrum árum síðan. Hemlakerfið er einna helst notað í jarðarbyggðum og í sumarhúsabyggð. HS Veitur hf er því ein af elstu hemlaveitum á landinu. Á Suðurnesjum voru um áramótin 2014 – 2015 alls 5.848 hemlar og 1.188 rennslismælar. HS Veitur hf selja allt vatn í Vestmannaeyjum samkvæmt mælingu, bæði heitt og kalt vatn.

Af hverju mælar?

Umboðsaðili Danfoss á Íslandi hefur staðfest að framleiðandi AVD lokanna, sem veitan hefur notast við frá upphafi, sé að hætta framleiðslu þeirra. Þetta var tilkynnt fyrir þó nokkrum árum síðan. Frá árunum 2004 – 2008 var gerð tilraun með AVQ loka, einnig frá Danfoss. Þeir hafa reynst illa, óáreiðanlegir og bilanatíðni há með tilheyrandi óþægindum fyrir viðskiptavinum. Því er næsti kostur fyrir HS Veitur hf að fara í sölukerfi með rennslismælum. Þá hafa raddir viðskiptavina okkar orðið háværari síðustu misseri um að kaupa vatn samkvæmt mælingu.

Tekur 2 – 3 ár

Skipta á út hemlum á Suðurnesjum. Hugsanlegt er að ekki verði skipt á jaðarsvæðum þar sem um yfirrennsli og þessháttar er að ræða. Starfsmenn HS Veitna munu annast skiptin og hafa yfirumsjón með þeim.

Gerð mælana.

Mælarnir sem verða settir upp er frá Landis+Gyr af gerðinni T550, sjá nánar inn á www.landisgyr.dk. Mælarnir eru með fjaraflestursbúnaði. Ekki verður þörf á áætlanum um notkun eða sérstökum álestri. Upplýsingar um notkun viðskiptavina fara beint inn í orkureikningakerfi fyrirtækisins og getur verið uppfært á hverjum sólarhring.

Hefur þetta í för með sér hækkun á verði?

Þessi breyting á ekki að hafa í för með sér neina hækkun, gjaldskrá er ekki að hækka. Sölukerfi hemla er byggt upp á 67,8% nýtingu á vatni í gegnum hemil. Þeir viðskiptavinir sem hafa verið að nýta hemil 67,8% koma vel út. Þeir sem hafa verið undir 67,8% lækka, þeir sem hafa nýtt hemil meira en 67% gætu komið til með að hækka.

Dæmi um 67% nýtingu með hemlakerfi.

Hús sem kaupir í dag 2 l/m, gerir 120 lítra á klst. eða 2880 lítra á sólarhring. 2880 x 30 dagar = 86.400 lítra á mánuði. HS Veitur hf tryggir viðskiptavinum sem kaupir 2 l/m 86.400 lítra á mánuði og en það greiddi 67,8% af því sem gerir 58,580 lítra. Þannig að

viðskiptavinur sem var með 2 l/m ætti að geta notast við 58,580 lítra mánuði eða 58,5 rúmmetra. Hafi það hins vegar nýtt meira en 67,8% hækkar reikningurinn, ef ekki þá greiðir það sama og í einhverjum tilfellum minna. Viðskiptavinir ráða ferðinni. Nauðsynlegt að húsráðendur láti yfirfara hitakerfi sín og tryggi að hitakerfi séu jafnvægisstillt til að tryggja sparnað og eðlilegan rekstur.